



## Góðar reglur og upplýsingar

### Ofan frá og niður

Margar af mínum peysum eru prjónaðar ofan frá og niður. Við þá aðferð eru margir kostir en þó aðallega sá hversu auðvelt er að máta flíkina jafnóðum og þar með vega og meta framganginn. Það er því eindregið mælt með að setja prjónið reglulega á stærri prjóna eða prjónasnúrur, máta og meta hvernig passar. Í flestum tilfellum er auðvelt að aðlaga prjónið að viðkomandi án þess að það komi niður á munstrum eða heildarútliti.

### Að fylgja uppskriftum

Góð regla er að lesa allar uppskriftir vel yfir áður en byrjað er að prjóna. Það eykur skilning á prjónaferlinu, minnkar líkur á mistökum og í því getur verið mikill tímasparnaður þegar upp er staðið. Að leggja upp með skýra mynd af verkefninu frá A-Ö gerir prjónaferlið mun skilvirkara og skemmtilegra.

### Prjónfestuprufan

Prjónfestuprufan er óumflýjanleg í öllum tilfellum. Það er afar erfitt að gefa upp nákvæma prjónfestu yfir höfuð, allir prjónarar hafa sína persónulegu prjónfestu og þurfa að miða sinn prjónaskap út frá því. Þetta á við um val á bandi og prjónastærð auk þess sem með því að prjóna prjónfestuprufu fæst tækifæri til að „finna“ eiginleika bandsins, að prufa mismunandi prjónastærðir og jafnvel læra munstur eigi það við. Prjónfestuprufan er þannig nokkurskonar inngangur og æfing fyrir í verkefnið og ætti að líta á hana sem fastan hluta af því að byrja á nýju verkefni. Prjónfestuprufuna þarf að þvo (bleyta/skola) og þurrka áður en prjónfestan er mæld.

### Prjónar, prjónamerki og annað hjálpardót í prjóni

Það á við í prjóni eins og flestu öðru að það getur ráðið úrslitum varðandi árangur hvernig verkfæri og hjálpardót er notað. Gerð prjóna og samspil þeirra við bandið og prjónarann getur haft mikil áhrif um það hvernig prjónfestan kemur út og hvernig áferðin og þéttleikinn á prjóninu verður. Prjónamerki auðvelda margt og það gera líka góðar prjónatöskur, málbönd og ýmislegt annað sértækt dót sem er í boði. Yfirleitt eru ekki háar fjárhæðir sem liggja í prjónadóti og kannski allt í lagi að lofa sér að eiga það helsta í prjónapokanum.

## Að hugsa sjálfstætt

Prjón er afar flæðandi og frjálsgur miðill og ástæða til að hvetja prjónara til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir ef við á. Uppskriftir gera sitt besta til að leggja vinnuna upp í hendurnar á þeim sem prjóna en oft er mikið svigrúm til að breyta frá uppskrift hvort sem það er að víkka, síkka og/eða gera aðrar breytingar. Það er um að gera að setja sinn svip á prjónið og aðlaga að persónulegum þörfum.

## Máta oft

Kosturinn við peysur sem prjónaðar eru ofan frá og niður er að auðvelt er að máta þær jafnóðum og fylgjast þannig með að allt passi vel. Það er gott að setja peysuna á langa prjóna eða snúrur af og til og fullvissa sig um að allt sé á réttri leið. Þar sem ekki er búið að prjóna nánast alla peysuna þá er minna mál að rekja aðeins upp eða byrja upp á nýtt ef lykkjufjöldinn og/eða prjónfestan virðist ekki passa. Að eiga og máta á gínu í réttri stærð er algjör snilld en ekki búa allir svo vel og þá er bara að máta fyrir framan spegilinn eða á annarri manneskju sem er svipuð að stærð. Það er betra að máta aðeins oftar en sjaldnar og gildir þar það sama og með prjónfestuprufuna, að máta getur sparað mikinn tíma þegar upp er staðið.

## Þvottur og frágangur

Best er að þvo handprjón úr sérstakri ullar/silki sápu og vinda í sérstakri þeytivindu.

Margar handprjónaðar peysur eru viðkvæmar fyrir þvotti í þvottavél jafnvel á sérstökum ullarprógrömmum og borgar sig yfirleitt að þvo í höndum. Best er að hrista þvegnar peysur létt, leggja til þerris en einnig er gott að þurrka á gínum séu þær til staðar og þá koma síður brot í peysurnar. Einnig getur verið gott að fara létt með gufu yfir (ekki snerta með járninu) ullarpeysur og laga þær þannig til. Peysum úr gæðabandi getur hætt við að hnökra en það er yfirleitt tímabundið á meðan bandið er að losa sig við hár sem ekki hafa farið alveg inn í snúðinn (spunann). Best er að eiga góða græju til að hreinsa hnökra jafnóðum og smá saman er þetta vandamál úr sögunni og peysan verður silkimjúk, slétt og hnökralaus. Handprjónaðar peysur úr gæðabandi eiga að endast áratugum saman sé vel um þær hugsað.

## Að nota prjónið sitt

Það er lítið gaman að eyða tíma og fjármunum í að prjóna sér peysu ef hún svo endar inni í skáp og er aldrei eða sjaldan notuð. Það er því mikilvægt að velja sér peysuform og liti sem henta vaxtarlagi og persónulegum smekk. Einnig er vert að hugsa um við hvað annað í fataskápnum peysan mun passa og velja t.d. band út frá því. Það er eiginlega skylda að nota handprjónaðar peysur og ef sú er ekki raunin þá er ágætis þerapía í því að rekja upp og nota bandið til að prjóna aðra sem passar betur. Ég á og nota peysur sem eru prjónaðar úr þríuppröktu bandi.

## Kolefnisspor og sjálfbærni

Gott þrjónaband kostar kannski aðeins meira en lélegt en er svo sannarlega þess virði þegar upp er staðið. Að kaupa lélegt band er eins og að kaupa lélegt hráefni til matseldar, árangurinn verður aldrei jafn góður og ef hráefnið er fyrsta flokks. Í dag þarf einnig að huga að kolefnisspori og grænni vottun. Það er því mikilvægt að velja vel, vanda sig og njóta þess að vera í peysunni sinni og jafnvel sauma sér pils eða kjól sem passar vel við. Vel heppnaðar handþrjónaðar peysur eru lífstíðareign og ganga jafnvel í erfðir. Það er því full ástæða til að vanda vel val á bandi, notkun og meðferð á peysunni sinni.

## Aðstoð og hjálp

Þrjónauppskriftir eru aldrei fullkomnar og full ástæða til að hvetja þrjónara að lesa þær yfir með gagnrýnni hugsun og gera hönnuðinum þann greiða að láta vita ef villur finnast. Fólk á mismunandi auðvelt eða erfitt með að tileinka sér upplýsingar, sumum lætur best að lesa á meðan aðrir vilja sjá myndir og teikningar. Í uppskriftunum er reynt að hafa fjölbreytta miðlun en jafnframt gert ráð fyrir að hægt sé að ruglast og/eða að inn á milli leynist ein og ein villa þrátt fyrir ítrekaðan yfirlestur og prufuþrjón á peysum. Ég leyfi mér að fullyrða að ekki enn hafi verið gerð sú þrjónauppskrift að ekki sé hægt að veiða smávægilegar villur hér og þar. Sé svo í mínum uppskriftum þá er hjálp í boði hjá hönnuði í eftirfarandi netfangi, [helga@horseplay.is](mailto:helga@horseplay.is)

